



# Stæ 1A05

Námsáætlun, haustönn 2023

<b>Kennari/kennarar:</b>  <b>Bryndís Íris Valberg</b> <b>J. Steinunn Jónsdóttir</b>	<b>Netfang/netföng:</b>  <b>bryndis.valberg@borgo.is</b> <b>steinunn.jonsdottir@borgo.is</b>
--	---

## Lýsing:

*Viðfangsefni áfangans eru talnameðferð, brota- og veldareikningur, grunnatriði algebru, lausn fyrsta stigs jöfnu, hlutfalla- og prósentureikningur. Í áfanganum er lagður grunnur að skipulögðum vinnubrögðum, röksemdafærslu og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.*

## Þekking, leikni, hæfni:

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Talnameðferð og talnareikningi, forgangsröð aðgerða, algengustu stærðfræðitáknum, heiltöluveldum, notkun tákna í stað talna, undirstöðuatriðum algebru, s.s. liðun, þáttun og vinnu með einföld algebrubrot, lausn fyrsta stigs jafna, prósentu- og hlutfallareikningi.

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Vinna á nákvæman og skipulagðan hátt með tölur og táknmál stærðfræðinnar, forgangsráða aðgerðum bæði í talnareikningi og algebru, beita undirstöðuatriðum algebru til að liða, þátta og vinna með einföld algebrubrot, leysa fyrsta stigs jöfnur og vinna með hlutföll og leysa einföld prósentudæmi.

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Setja margs konar verkefni upp með táknmáli stærðfræðinnar og leysa þau, beita skipulögðum aðferðum við lausn verkefna og rökstyðja aðferðir sínar, skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra, átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu, vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og beita frumkvæði, innsæi og frumleika við lausn verkefna.

## Námsmat:

Lögð verða fyrir 6 kaflapróf á önninni. Prófin gilda 100%. Til þess að standast áfangann þarf 5 í lokaeinkunn. **Þetta er símatsáfangi.**

Ekki er leyfð notkun snjallsíma og vasareiknis ( nema í kafla 7)

## Námsgögn:

### Stærðfræði 1

Höf.: Gísli Bachmann, Helga Björnsdóttir - Iðnú 2019

## Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Til þess að fá námsmat í áfanganum þarf **að ljúka öllum kaflaprófum.**

Allar einkunnir eru birtar í Innu að lokinni einkunnargjöf.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		Nýnemadagur
34	21.-25. ágúst	Kafli 1. Reiknireglur æfing 1.1 , 1.2	
35	28.ágúst -1. sept.	Kafli 1 Almenn brot æfing 1.3 , 1.4	
36	4.-8. sept.	Kafli 1. Ýmis dæmi æfing 1.5	Próf úr kafla 1 gildir 16%
37	11.-15. sept.	Kafli 2. Veldareikningur æfing 2.1, 2.2	
38	18.-22. sept.	Kafli 2. Ýmis dæmi æfing 2.3.	Próf úr kafla 2 gildir 16%
39	25.-29. sept.	Kafli 3. Liðastærðir æfing 3.1, 3.2	
40	2.-6. okt.	Kafli 3. Ýmis dæmi æfing 3.3	Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I
41	9.-13. okt.	Kafli 4. Þáttun æfing 4.1, 4.2	Próf úr kafla 3 gildir 16%
42	16.-20. okt	Kafli 4. Þáttun æfing 4.3	
43	23.-25. okt.	Kafli 4. Ýmis dæmi æfing 4.4	Hausthlé fimmtud. og föstud..
44	30. okt. - 3. nóv.	Kafli 5. Algebrubrot æfing 5.1	Próf úr kafla 4 gildir 16%
45	6.-10. nóv.	Kafli 5. Algebrubrot æfing 5.2	Undirb./úrv. Vörðuvika II.
46	13.-17. nóv.	Kafli 5 Ýmis dæmi æfing 5.3	Próf úr kafla 5 gildir 16%
47	20.-24. nóv.	Kafli 6. Jöfnur æfing 6.1, 6.2	
48	27. nóv. - 1. des.	Kafli 6. Jöfnur æfing 6.3, 6.4	
49	4.-8. des	Kafli 6. Ýmis dæmi æfing 6.5	
50	11.-13. des	Kafli 7. Hlutföll og prósentur	Próf úr kafla 6 og 7 gildir 20%

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.